

Nefndasvið Alþingis
vegna Allsherjarnefndar Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. apríl 2002

Réttarfarsnefnd vísar til bréfs yðar 12. mars sl., þar sem þess var farið á leit að hún léti í té umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með síðari breytingum (þskj. 310 - 265. mál). Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögnum, annars vegar á 1. mgr. 5. gr. þeirra, svo sem ákvæðið hljóðar með breytingum, sem gerðar voru með 1. gr. laga nr. 37/1994 og 36. gr. laga nr. 15/1998, og hins vegar á 150. gr. þeirra, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 37/1994. Nefndin hefur tekið þetta frumvarp til athugunar og er umsögn hennar um það eftirfarandi.

I.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna um tilvik, þar sem héraðsdómur í sakamáli verður ekki skipaður einum dómara, svo sem er aðalreglan, heldur af þremur héraðsdómurum. Í ákvæðinu er nú gert ráð fyrir því að ef ákærði í máli neitar sök og dómari, sem hefur fengið það til meðferðar, telur að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, þá geti dómstjóri við viðkomandi héraðsdómstól ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu. Í frumvarpinu virðist vera miðað við að þetta ákvæði standi óbreytt að öðru leyti en því að í stað þess að dómstjóri geti ákveðið að dómur verði fjölskipaður, þá skuli hann gera þetta við umræddar aðstæður. Í athugasemdum við frumvarpið segir meðal annars að þegar niðurstaða máls ræðst af sönnunargildi framburðar sé líklega nauðsynlegt að vega og meta ýmis álitæfni og þá eðlilegt að fleiri en einn dómari dæmi til að stuðla að réttaröryggi.

Með framangreindri umfjöllun í athugasemdum við frumvarpið er ekki vikið frekar að röksemdum fyrir því að reglu 1. mgr. 5. gr. laganna um heimild til að hafa héraðsdóm fjölskipaðan þurfi að breyta á þann veg að þetta verði skylt við þær aðstæður, sem hér um ræðir. Reglan í núverandi mynd var að stofni til tekin upp með breytingu á lögum nr. 19/1991, sem gerð var með áður nefndri 1. gr. laga nr. 37/1994. Þegar frumvarp til síðastnefndra laga var samið var um þetta atriði tekið mið af því að þótt niðurstaða í máli um sök ákærða gæti stundum verið í verulegum atriðum háð mati á framburði hans og eftir atvikum eins eða fleiri vitna, þá gæti hæglega staðið þannig á að niðurstaðan ætti ekki að þurfa að orka tvímælis, ýmist um sakfellingu eða sýknu hans. Var horft sérstaklega til þess að mjög væri til þyngsla fyrir starfsemi héraðsdómstóla að þrír dómarar sætu í máli í stað eins, ekki síst við þá dómstóla, þar sem aðeins væri starfandi einn fastur dómari. Þótti í þessu ljósi eðlilegt að leggja í hendur dómara, sem fengi mál til meðferðar, að meta á fyrstu stigum þess hvort ástæða væri til að hafa dóminn fjölskipaðan við þessar aðstæður, fremur en að gera þetta almennt að skyldu. Þessi skipan hefur í meginatriðum reynst vel í framkvæmd þau tæplega átta ár, sem hún hefur verið við lýði, þótt til þess hafi komið í nokkrum tilvikum við áfrýjun máls að Hæstiréttur hafi felld héraðsdóm úr gildi sökum þess að héraðsdómari hafi í andstöðu við 1. mgr. 5. gr. laganna farið einn með málið.

Innan réttarfarsnefndar hefur verið unnið um nokkra hríð að undirbúningi frumvarps til nýrra heildarlaga um meðferð sakamála. Við þá vinnu hefur verið rætt í

nefndinni hvort ástæða sé til að breyta gildandi reglu um framangreint atriði í þá átt að héraðsdómur verði oftast fjölskipaður en nú er. Í þeim efnum vegast meðal annars á sjónarmið um skilvirkni dómstólanna og kostnað af rekstri þeirra annars vegar og hins vegar um að treysta grundvöll úrlausna þeirra. Réttarfarsnefnd hefur hallast að því að rétt sé að stefna að því í framtíðinni að héraðsdómur verði sem oftast fjölskipaður í stærri málum, þar sem ákærði neitar sök, en endanlegar tillögur um þetta hafa þó ekki enn verið mótaðar. Nefndin hefur á hinn bóginn ekki talið tilefni til að ganga svo langt, sem gert er í fyrirleggjandi frumvarpi, að alltaf ætti að vera skylt án tillits til atvika máls að héraðsdómur verði skipaður þremur dómurum þegar ákærði neitar sök og niðurstaða getur ráðist af mati á munnlegum framburði fyrir dómi. Af þessum sökum getur nefndin ekki mælt með því að sú breyting, sem er lögð til með 1. gr. frumvarpsins, verði fest í lög.

II.

Með 2. gr. frumvarpsins er efnislega lagt til að afnumin verði sú takmörkun á heimild til að áfrýja héraðsdómi í sakamáli til Hæstaréttar, sem nú er í 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum. Sú takmörkun felst nánar tiltekið í því að leyfi Hæstaréttar þarf til að áfrýja héraðsdómi, þar sem ákærði hefur verið sakfelldur, ef honum hefur hvorki verið gerð frelsisskerðing, með eða án skilorðsbindingar, né sekt eða upptaka eigna, sem sé hærri en svokölluð áfrýjunarfjárhæð í einkamálum. Áfrýjunarfjárhæðin er nú 400.680 krónur að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, svo sem þeim var breytt með 6. gr. laga nr. 38/1994.

Í athugasemdum við frumvarpið eru færð rök fyrir þeirri breytingu, sem hér er lögð til, einkum með tilliti til þess réttar, sem sakfelldur maður verði að njóta til að bera áfellingisdóm undir æðri dómstól. Réttarfarsnefnd er sammála því að rík ástæða sé til að tryggja sakfelldum manni þennan rétt, sem honum er meðal annars áskilinn í 2. gr. 7. viðauka við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Nefndin er á hinn bóginn ekki sammála því að ástæða sé til að afnema reglu 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 af þessum ástæðum. Er þá horft öðru fremur til þess að reglan girðir ekki fyrir að héraðsdómur í minni sakamálum komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, heldur leggur reglan þá endurskoðun í annan farveg en við á um stærri mál. Sú endurskoðun felst nánar tiltekið í því að leggja verður fyrir Hæstarétt skriflega og ítarlega rökstudda beiðni um áfrýjunarleyfi, sem gagnaðila umsækjandans gefst kostur á að svara með skriflegum athugasemdum, sbr. 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991. Að fram komnum þeim gögnum tekur Hæstiréttur afstöðu til þess hvort veita eigi áfrýjunarleyfi. Telji hann á grundvelli þessara gagna að ástæða sé til að ætla að niðurstaða héraðsdóms gæti sætt breytingu, hvort heldur um sakfellingu ákærða eða viðurlög, verður áfrýjunarleyfi veitt og málið tekið til almennrar meðferðar. Verði niðurstaðan á gagnstæðan veg fær málið ekki frekari meðferð og héraðsdómur stendur óraskaður. Í þeim tilfellum hefur héraðsdómur þó hlotið endurskoðun, sem fullnægir kröfum áðurnefndrar 2. gr. 7. viðauka við mannréttinasáttmála Evrópu. Ákvæði 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991, sem á sér margvíslegar hliðstæður í öðrum Evrópuríkjum, veitir þannig að mati réttarfarsnefndar ákærðum manni, svo og ákærvaldinu, nægilega tryggingu fyrir því að alltaf megi bera undir æðri dóm niðurstöðu héraðsdóms í sakamáli. Telur nefndin því enga ástæðu til að gera þá breytingu, sem lögð er til með 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. réttarfarsnefndar

